



Ertu með?

Kosningastefnuskrá B-listans í Reykjavík 2006



Sérstaða Reykjavíkur sem höfuðborgar Íslands er ótvíræð. Höfuðborgin er og verður miðstöð alþjóðlegs samstarfs. Hún er jafnframt miðstöð stjórnsýslu, samganga og menningar. Án nets og strauma um allt land er hún ekki sönn höfuðborg og með henni eru byggðirnar í landinu sterkari.

Við erum öll stolt af borginni okkar við sundin og viljum veg hennar sem mestan. Á tímum alþjóðavæðingar þarf Reykjavíkurborg að laga sig að nýjum kröfum og breyttum aðstæðum. Í því felst að hún þarf að standast borgum í öðrum löndum snúning í síharðnandi samkeppni um íbúana og þarf því að endurskilgreina hlutverk sitt sem öflugur og lifandi þjónustuaðili sem starfar í þágu íbúanna – fólksins í borginni. Þar er verk að vinna, því þótt Reykjavík standi að mörgu leyti

vel er fjölmargt sem betur mætti fara. Við blasa augljós tækifæri til að skapa nútímalega heimsborg með þægilegum bæjarbrag þar sem okkur getur öllum liðið vel og verið örugg.

B-listi Framsóknarflokksins býður nú fram undir eigin merkjum í fyrsta sinn í sextán ár, eða frá árinu 1990. Það eru því ákveðin vatnaskil í borgarmálunum. Það er þörf fyrir breytingar; þörf fyrir öðruvísi nálgun og nýjar hugmyndir. Við bjóðum fram okkar krafta full af bjartsýni og einlægni og leggjum fram metnaðarfulla stefnuskrá og heitum því að leggjja okkur öll fram í þágu borgarbúa fáum við umboð til þess að hrinda stefnumálum okkar í framkvæmd.

Við höfum góðar hugmyndir og viljum koma þeim í framkvæmd. Saman getum við náð árangri. Saman getum við breytt borginni okkar og búið til fyrsta flokks Reykjavík, nútímalega heimsborg þar sem fólkið er í fyrirrúmi.

Greiðar samgöngur, skynsamlegt skipulag

Skipulags- og samgöngumál verði sett á oddinn og staðið við stóru orðin um samráð við íbúa. Skipulag er vinna til langrar framtíðar og í henni eru teknar ákvarðanir sem varða ekki einvörðungu stundarhagsmunum okkar, heldur einnig komandi kynslóða.

Reykjavík sem alþjóðleg fjármálamiðstöð.

Reykjavík verði aðlaðandi kostur fyrir íslensk fyrirtæki sem og alþjóðleg stórfyrirtæki í tengslum við áform um Ísland sem alþjóðlega fjármálamiðstöð.

Fleiri lóðir í Reykjavík

B-listinn ætlar að stórauка framboð á lóðum fyrir einbýlishús, raðhús og parhús í borginni og skapa jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar með átaki í úthlutun á sérbýlislóðum. Þetta mun B-listinn gera með því að úthluta 1200 sérbýlislóðum á þessu ári og því næsta með eftirfarandi hætti:

8. ágúst á þessu ári verður úthlutað 600 lóðum fyrir sérbýli í Úlfarsárdal á reitum sem merktir eru X og Z á skipulagsupprætti.

12. desember 2006 verður úthlutað 400 sérbýlislóðum til viðbótar á reitum Z og Y í Úlfarsárdal.

7. mars. 2007 verður úthlutað 200 sérbýlislóðum til viðbótar á reitum Y og B í Úlfarsárdal.

Í Reykjavík skal ávallt vera nægilegt framboð á byggingalóðum þannig að ekki verði skortur sem geti valdið hækkun húsnæðis- og lóðaverðs.



Þjóðarsátt um flugvöllinn í Reykjavík

B-listinn í Reykjavík boðar þjóðarsátt um hið langvinna deilumál sem er staðsetning Reykjavíkurflugvallar. Flugvöllurinn verði áfram í Reykjavík en færður út á Lönguskerin í samræmi við hugmyndir sem settar voru fram á vegum B-listans í borgarstjórn fyrir þrjátíu árum og þóttu þá framsæknar og þykja enn. Með þessu móti má nýta verðmætt byggingarland í Vatnsmýrinni undir íbúðabyggð, þekkingariðnað og spennandi starfsemi Háskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík auk nýs hátækni sjúkrahúss. Með þessari útfærslu uppfyllir Reykjavík skyldur sínar sem höfuðborg í samgöngumálum. Gætt er fyllstu öryggissjónarmiða varðandi sjúkraflug og B-listinn stendur vörð um verðmætt störf í flugrekstri.

Öruggar og greiðar samgöngur í Reykjavík

B-listinn vill öruggar samgöngur inn og út úr höfuðborginni.

Þrjár straumar:

- Sundabraut.** Botngöng á ytri leið. Fjórar akreinar alla leið upp á Kjalarnes.
- Frítt flæði umferðar.** Miklabraut lögð undir Kringlumýrarbraut og þannig greitt fyrir umferð á hættulegustu gatnamótum landsins.
- Vatnsmýrin.** Aðgengi að Vatnsmýri tryggt til framtíðar með Öskjuhlíðargöngum.

Ókeypis verði í strætó fyrir námsfólk, aldraða og öryrkja. Endurskoða rekstur Strætó bs. með tilliti til þarfa borgarbúa. Skoða bifreiðakost og möguleika á smærri og hagkvæmari bifreiðum. Ókeypis í strætó fyrir alla á að vera framtíðarmarkmiðið.

Greitt verði úr umferðarflækjum með raunhæfum samgöngubótum og nýjum valkostum, t.d. lagningu stokka og jarðganga.

Sérstakt átak verði gert í bílastæðamálum miðborgarinnar, t.d. með því að hafa bílastæðahúsin opin allan sólarhringinn og hvetja til hönnunar á bílageymslum í kjöllum nýbygginga svo ekki þurfi að leggja dýrmætt byggingarland undir bílastæði.

Fyrirkomulag stöðumæla verði endurskoðað og kannaðir kostir þess að taka upp klukkukerfi. Lækkum stöðumælasektirnar.

Áhyggjulaust ævikvöld – þverpólitískt þjóðaráttak!

B-listinn hvetur til þverpólitísks þjóðaráttaks í öldrunarmálum og vill tryggja eldri borgurum öruggt ævikvöld. Eyða þarf biðlistum að hjúkrunarrýmum. Efla heimaþjónustu í því skyni að gera öldruðum kleift að búa sem lengst heima.

Huga verður betur að eldri Reykvíkingum. Hraðað verði uppbyggingu hjúkrunarrýma og biðlistum útrýmt, m.a. með:

- Hjúkrunarheimili við Markarholt.
- Hjúkrunarheimili á Lýsislóð.
- Stækkun Sóltúnshemilísins.

Haldið verði áfram uppbyggingu margvíslegra úrræða á sviði öldrunarþjónustu í Fossvogi og tryggja þarf nægilegt framboð lóða undir mismunandi form öldrunarþjónustu. Áttak verði gert í heimaþjónustu þannig að sem flestir geti búið áfram heima og notið samt fyrsta flokks þjónustu.

Tryggjum mannréttindi eldri borgara



Einsetuáttak í búsetumálum aldraðra á hjúkrunarheimilum. Mannréttindi aldraðra verði virt. Það eru mannréttindi að búa út af fyrir sig eða með maka. Þessi mannréttindi verði tryggð. Aldraðir eiga rétt til einkalífs á hjúkrunarheimilum.

Aldraðir einstæðingar

Samskiptapjónusta fyrir aldraða einstaklinga, þannig að enginn þurfi að óttast um öryggi sitt né búa við félagslega einangrun.

Menntun er málið!

Leysa þarf vanda foreldra 9-18 mánaða barna, eða frá því að fæðingarorlofi lýkur og þar til leikskólinn hefst, með beingreiðslum. Slíkar greiðslur tryggja aukið val foreldra og börnum aukið öryggi. Um leið þarf að bæta aðgengi að þjónustu dagforeldra með því að tryggja starfsumhverfi og bæta kjör þeirra.

Greiðslur til foreldra barna 9 til 18 mánaða

Frá því fæðingarorlofi foreldra lýkur við 9 mánaða aldur og þar til dvöl á leikskóla hefst við 18 til 24 mánaða aldur, búa foreldrar og börn þeirra við takmörkuð úrræði. Mikill skortur er á dagforeldrum og foreldrar á vinnumarkaði verða oft að bjarga vistun barna sinna frá degi til dags, sem er vitaskuld óásættanlegt.

Með því að greiða þessum foreldrum 50 þúsund krónur á mánuði er unnt að koma til móts við þessar þarfir og brúa bilið þar til leikskólavist fæst. Valkvæðar greiðslur: Foreldrar heima með barni, afi og amma gæta barnsins eða niðurgreiðsla á þjónustu dagforeldra.

Leikskólinn er fyrsta skólastigið

Gjaldfrjáls leikskóli fyrir öll börn frá 18 mánaða aldri þar sem tekið er tillit til þess að leikskólinn er fyrsta skólastigið og gegnir mikilvægu hlutverki að því er varðar menntun og þroska barnanna okkar.

Hugað verði að uppbyggingu smábarnadeilda í leikskólum til að uppfylla markmið um að innan tíu ára geti öll börn frá 12 mánaða aldri fengið inni á leikskóla.

Starfsaðstaða leikskólakennara verði bætt og hugað að stækkun elstu leikskólanna þar sem þrengslin eru mest.

Sampætting skóladagsins, íþróttir og tómstundir fyrir alla!

Vinnudagur barnanna okkar er of langur. Við þurfum að koma íþróttar- og tómstundastarfi inn í skóladag barna þannig að vinnudegi sé lokið þegar heim er komið. Þetta verði gert með þjónustusamningum við íþróttafélög og önnur félagasamtök þannig að allir geti tekið þátt í þróttmiklu og skapandi félagsstarfi án tillits til efnahags. Hagsmunir borgarinnar felast í öflugri lýðheilsu borgarbúa og uppbyggjandi starfi íþróttafélaga og margvíslegra félagasamtaka.

- Öll börn í borginni, 5 til 18 ára, fá íþróttakort að upphæð 40 þúsund krónur á ári sem renni til íþróttar- og tómstundaiðkunar á vegum viðurkenndra aðila.
- Áhersla verði lögð á sampættingu bóknáms, íþróttar, listnáms og tómstunda í samfelldum skóladegi. Markmiðið er að vinnudegi barna ljúki fyrr á daginn og fjölskyldan eigi lengri samverustundir. Þannig verði uppfyllt markmið sem sett voru við einsetningu grunnskólans.
- Skákkennsla verði eflað í grunnskólum borgarinnar.

Einstaklingsmiðað nám



Kennsluáferðir og kennslufni þarf að koma til móts við mismunandi getu, áhuga og hæfileika barna og leggja þarf mun meiri áherslu á kennslu í lífsleikni, verklegum greinum og listum.

Berjumst gegn einelti

Kannaðir verði kostir þess að taka upp skólabúninga í grunnskólum Reykjavíkur. Skólastjórnendur og samtök foreldra taki ákvörðun fyrir hvern skóla fyrir sig, en Reykjavíkurborg taki þátt í kostnaði við skólabúninga hjá þeim sem þess óska. Einelti vegna efnamunar má ekki viðgangast og í skólanum eiga allir að vera á jafnræðisgrundvelli.

Eflum miðborgina!

- Gamli lækurinn undir Lækjargötu verði opnaður og látinn renna í sínum gamla farvegi.
- Átak verði gert í merkingum helstu ferðamannastaða í borginni og áhersla lögð á menningartengda ferðaþjónustu.
- Hugað verði að brottflutningi olíutankanna í Örfirisey og verðmætasta byggingarland á Íslandi byggt þar upp með landfyllingum.
- Verslun og byggð í miðborginni verði stórefld.
- Byggt upp spennandi bryggjuhverfi á Mýrargötusvæðinu.
- Námsmannaíbúðum fjölgað í miðbænum og í Vatnsmýrinni.
- Byggt upp kringum Tónlistar- og ráðstefnuhús.
- Skemmtiferðaskip í gömlu höfnina.
- Sjóminjasafn á Grandagarði.
- Þekkingarþorp í Vatnsmýrinni.
- Þjónusta kringum nýtt hátækni sjúkrahús.
- Hlemmur plus.
- Byggja yfir hluta Laugavegar og skapa þannig yfirbyggða göngugötu með fjölbreyttu mannlífi, mörkuðum og verslun með stórborgarbrag.
- Tryggja flóamarkaðnum í Kolaportinu framtíðarstað á stærra og aðgengilegra svæði, t.d. á Hlemmi.

Byggt verði yfir hluta af Fjölskyldugarðinum í Laugardal, gott svæði sem gera má ennþá betra. Kannaðir kostir þess að flytja starfsemi Árbæjarsafns að hluta eða í heild sinni í Hljómskálagarðinn.



Fjölskyldan í fyrirrúmi

- Skólamötuneyti með hollustu í fyrirrúmi.** Betri mat í mötuneyti leik- og grunnskóla. Holla og næringarríka fæðu fyrir börnin okkar.
- Forvarnarfulltrúi í alla grunnskóla.** Lengi býr að fyrstu gerð. Forvarnir eru fjárfesting til framtíðar.
- Aukna sálfræði- og hjúkrunarþjónustu fyrir grunnskóla.** Aukna stoðþjónustu inn í skólana.
- Foreldranámskeið.** Uppeldisnámskeið fyrir nýja foreldra og aðgengileg uppeldisráðgjöf fyrir alla foreldra.
- Efla barnavernd Reykjavíkur.** Efla barnavernd til að tryggja að öll mál fái jafn skjóta afgreiðslu og að nauðsynleg úrræði séu í boði.
- Útideildin opnuð á ný.** Opna útideild tengda þjónustumiðstöðvum, félagsmiðstöðvum, skólum og lögreglu. Markmiðið er tenging við unga fólkið okkar sem á erfitt með að fóta sig í hefðbundnu félagsstarfi og auka öryggi borgaranna.
- Félagsmiðstöðvar opnar um helgar.** Bætum aðgengi barna og unglinga að viðurkenndum skemmtunum og afþreyingu undir eftirliti. Höfum félagsmiðstöðvar opnar þegar börnin okkar þurfa mest á þeim að halda.
- Virk þáttaka í samfélaginu á ný.** Átaksverkefni sem stuðla að félagslegri endurhæfingu einstaklinga sem hafa verið utanvelta í samfélaginu í einhvern tíma.
- Stuðningsnet fyrir unga einstæða foreldra.** Koma þarf á fót öflugu stuðnings- og öryggisneti fyrir unga einstæða foreldra til að þeir hafi tök á að mennta sig og á sama tíma búið sér og börnum sínum góðar félagslegar aðstæður.

Forvarnir

B-listinn leggur áherslu á forvarnir sem stuðla að því að öll börn og ungmenni í Reykjavík alist upp við aðstæður og umhverfi sem eflir sjálfstraust þeirra og sjálfsmynd, sem einkennist af samkennd og býr yfir viðeigandi stuðningsúrræðum þegar þörf krefur.

Hingað og ekki lengra!

Sýnileg löggæsla

Segjum hingað og ekki lengra við ofbeldisglæpum og ofsaakstri. Eflum öryggi í miðborginni og umferðinni. Reykjavíkurborg þarf að hafa skýrar óskir um nauðsynlega þjónustu og kröfur um úrbætur í löggæslumálum í borginni með áherslu á sýnilega löggæslu og öfluga hverfalöggæslu.

- Kanna ber kosti þess að koma upp sérstakri miðborgarlögreglu.
- Lýsa upp miðborgina.
- Skera upp herör gegn sóðaskap á almannafæri.
- Efla hverfalöggæslu.
- Verja skólalóðirnar.

Reykjavík á að vera örugg borg og við eigum ekki að þurfa að óttast um börnin okkar.



Nærþjónusta, samráð og félagsauður

Reykjavíkurborg er fyrst og fremst þjónustuaðili sem ber að veita borgarbúum skjóta og metnaðarfulla þjónustu á öllum sviðum. Hugmyndafræði öflugrar, samfelldrar og heildstæðrar nærþjónustu verði lögð grundvallar í allri þjónustu við Reykvíkinga.

Heilbrigðismál

Stjórn Heilsugæslunnar í Reykjavík verði í auknum mæli í höndum Reykjavíkurborgar. Heilsugæsla er hornsteinn heilbrigðiskerfisins og mikilvægur hluti af nærþjónustu við borgarbúa, hana þarf að efla. Heilsugæslustöðvar eru og verða miðlægur þáttur í forvarnarstarfi og öldrunarþjónustu.

- Allir Reykvíkingar hafi aðgang að heimilislækni.
- Metin verði þörf fyrir aukinn fjölda heimilislækna til að ná þessu markmiði á kjörtímabilinu.
- Við úrlausnir verði meðal annars litið til mismunandi rekstrarforma, svo sem verktakasamninga.

Stjórnsýslan

- Gagnsæ stjórnsýsla.** Borgarbúum sé gert auðvelt að rata um stjórnkerfið og fá úrlausn sinna mála.
- Umboðsmaður borgarbúa.** Tryggir borgarbúum réttláta og sanngjarna málsmeðferð.
- Stjórnendaskipti.** Kanna möguleika á því að fá færa erlenda sérfræðinga til starfa í þágu borgarinnar og gefa embættismönnum borgarinnar kost á að kynna sér strauma og stefnur erlendis.
- Fækkum fundum, minnkum skriffinsku!** Athuga hvort ekki megi fækka fundum, draga úr skýrslugerð, fækka stjórnþrepum og bæta þjónustuna.
- Nýtum Netið.** Gera stóráttak í að koma þjónustu borgarinnar á Netið og taka upp MSN-aðgang að sumum þjónustupáttum.
- Stjórnsýslan verði einfölduð og dregið úr yfirbyggingu.**
- Samráð við íbúa.** Raunverulegt samráð verði haft við íbúa hvað varðar málefni hvers hverfis fyrir sig.
- Félagsauður og hverfisvitund.** Virkjum félagsauðinn í hverju hverfi borgarinnar og eflum hverfisvitund og samtakamátt íbúanna til að hvert hverfi fá notið sinna sérkenna á jákvæðan hátt.

Jafnréttismál

B-listinn leggur áherslu á að Reykjavíkurborg verði áfram í fremstu röð fyrir frumkvæði og faglegt starf að jafnréttismálum sem tryggi konum og körlum jöfn áhrif, tækifæri og virðingu.

Menningarmál

B-listinn leggur áherslu á að Reykjavík eflist sem höfuðborg mennta og menningar í landinu; alþjóðleg borg með frjóu, metnaðarfullu listalífi og fjölbreyttu mannlífi.

- Menning og listir séu snar þáttur í uppeldi og kennslu barna.
- Í borgarmyndinni sé sögu borgarinnar ávallt sýnd virðing.



Skemmtileg borg

Við í B-listanum viljum gera Reykjavík enn skemmtilegri, færa afþreyinguna til fólksins í hverfunum og skapa betri umgjörð um blómlegt mannlíf í miðborginni.

- Vatnaveröld (vatnsrennibrautagarður).
- Eflum og nýtum græn svæði.
- Fleiri hjóla- og göngustíga.
- Ókeypis í söfn í eigu borgarinnar.
- Nýta skólabyggingar og félagsmiðstöðvar betur undir ýmsa starfsemi um kvöld og helgar.
- Lýsum upp Geirsnefið. Bætum þjónustu við hundaeigendur.
- Lokið verði við að koma upp æfingasvæði fyrir skotmenn.
- Útbúa leiðarkort yfir gönguleiðirnar innan borgarlandsins.
- Sædýrasafn í Laugardal.
- Tryggður verði stuðningur við uppbyggingu Motorcrossbrautar.
- Skautasvell á Perlunni.
- Tryggja hagsmuni hestamanna vegna uppkaupa á hesthúsahverfum.

Háhraðasamfélag og gagnaveita

B-listinn vill að stóráttak verði gert í lagningu ljósleiðara um hverfi borgarinnar svo Reykjavík verði háhraðasamfélag þar sem hver og einn hefur aðgang að háhraðatengingu og netsambandi sem jafnast á við það besta sem þekkist. Með slíkum gagnaveitum opnast ótal möguleikar á sviði afþreyingar, fjarkennslu, íbúalýðræðis og öryggismála.